

D ó m s o r ð:

Ákærði, Eggert Bjarni Arnórsson, sæti fangelsi í 30 daga.

Ákærði greiði allan sakarkostnaðinn.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Þriðjudaginn 17. janúar 1984.

Nr. 55/1982. **Ágúst Finnsson, Gísli Maack og**

Pétur Guðmundsson

(Skarphéðinn Þórisson hrl.)

gegn

Guðjóni Steingrímssyni hrl.

f. h. Eksportkreditráðet

Kaupmannahöfn

(sjálfur)

Lausafjárkaup. Gallar. Tómlæti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjendur áfrýjuðu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. mars 1982, en áfrýjunarleyfi höfðu þeir fengið 1. mars. Þeir krefjast sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjenda in solidum.

Fram kom við munnlegan flutning málsins, að Tabu s/f hefur hætt starfsemi, en að áfrýjendur bera ábyrgð á skuldbindingum félags þessa.

Vegna málf lutnings áfrýjenda fyrir Hæstarétti er þess getandi, að ekki verður séð, að þeir hafi hreyft neinum athugasemdum um, að hinar seldu vörur hafi verið of seint afgreiddar eða í of mörgum sendingum, fyrr en ef til vill einhvern tíma undir lok málsmeðferðar í héraði. Að þessu athuguðu og þar sem fallast ber á úrlausn héraðs-

dóms um of síðbúna kvörtun Tabu s/f vegna þeirra galla, er áfrýjendur telja hafa verið á vörunum, verður að staðfesta hinn áfrýjaða dóm um, að áfrýjendum hafi ekki verið rétt að endursenda vörurnar, svo sem þeir gerðu.

Áfrýjendur ráðstöfuðu ekki vörunum, eftir að þeir endursendu þær, þrátt fyrir kröfu af hendi seljanda um, að þeir greiddu kaupverðið og ráðstöfuðu síðan vörunum. Mátti hann því selja vörurnar fyrir reikning áfrýjenda, svo sem gert var. Vörurnar voru að vísu hvorki seldar á uppboði né fyrir milligöngu miðlara, sbr. 34. gr. danskra laga um lausafjárkaup nr. 102 6. apríl 1906. En þar sem ekki hefur verið hnekkð þeirri niðurstöðu héraðsdóms, sem skipaður var verslunarfróðum samdómendum, að vörurnar hafi verið seldar fyrir eðlilegt verð, eins og á stóð, ber að staðfesta dóminn einnig að því er dómsfjárhæð varðar svo og um vexti, sem áfrýjendur hafa lýst yfir, að þeir andmæli ekki sérstaklega, en þó þannig, að frá 21. apríl 1982 til greiðsludags verði vextir af dæmdri fjárhæð sömu vextir og greiddir hafa verið á hverjum tíma af innlendum gjaldeyrisreikningum í dönskum krónum að viðbættum 5% ársvöxtum.

Dæma ber áfrýjendur in solidum til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, 25.000.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að frá 21. apríl 1982 til greiðsludags skuli vextir vera 5% hærri ársvextir en vextir af innlendum gjaldeyrisreikningum í dönskum krónum, eins og þeir eru ákveðnir á hverjum tíma.

Áfrýjendur, Ágúst Finnsson, Gísli Maack og Pétur Guðmundsson, greiði in solidum stefnda, Guðjóni Steingrímssyni hæstaréttarlögmanni f. h. Eksportkreditráðet, Kaupmannahöfn, 25.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verslunardóms Hafnarfjarðar 6. nóvember 1981.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 24. sept., hefur Guðjón Steingrímsson hrl., Hafnarfirði, f. h. Eksportkreditráðet, Danmarks Industriministeri,

Kaupmannahöfn, höfðað fyrir dóminum hinn 24. febrúar 1981 með vísan til 2. mgr. 82. gr. laga nr. 85/1936 gegn Ágústi Finnssyni, Miðvangi 16, Hafnarfirði, Gísla Maack, Víðimel 60, Reykjavík, og Péttri Guðmundssyni, Hörðalandi 20, Reykjavík, öllum persónulega og f. h. Tabu s/f.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði in soldium gert að greiða danskar kr. 39.328.00 með 20% ársvöxtum frá 1. júlí 1978 til greiðsludags og að stefndu verði gert að greiða málskostnað að skaðlausu.

Af hálfu stefndu er krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda og að þeim verði tildæmdur málskostnaður eftir mati réttarins.

II.

Tildrög málsins kveður stefnandi þau, að hið stefnda félag, Tabu s/f, en meðstefndu eru eigendur þess, hafi pantað skyrtur, kvenblússur og húfur hjá firmanu Young-Line Fashions Aps, Bredal, Vejle, Danmörku, og hafi vörurnar verið sendar til Reykjavíkur með pósti á tímabilinu frá 28. apríl til 28. júní 1978. Upphæð vörureikninganna hafi verið danskar kr. 46.048.00. Stefndu hafi ekki leyst vöruna út á pósthúsinu og hafi varan verið endursend 5. október 1978. Stefndu hafi síðan neitað að greiða vöruna og hafi hún að lokum verið seld í júní 1979 fyrir danskar kr. 6.720.00. Eftir standi því danskar kr. 39.328.00. Eftir að bú seljanda var tekið til gjaldprotaskipta, hafi krafan verið framseld stefnanda.

Af hálfu stefndu er sýknukrafan á því byggð, að varan hafi verið gölluð. Vörusendingar þær, sem bárust á tollpóststofuna í Reykjavík, hafi ekki verið í samræmi við pöntun. Bæði stærðir og litasamsetning hafi verið röng og varan því óseljanleg, nema þá í stærra samhengi, enda hafi hér verið um tískuvöru að ræða. Stefndu geta þess, að hið stefnda félag hafi verið búið að selja hinar pöntuðu vörur fyrirfram og þá miðað við ákveðna liti og stærðir. Enn fremur hafa stefndu mótmælt fjárhæð kröfunnar, svo sem nánar verður lýst í kafla V.

III.

Þegar stefndi Ágúst gaf aðiljaskýrslu fyrir dóminum, var m.a. bókað: „Hann segir að stefndu hafi ekki átt önnur viðskipti við Young-Line, en þau er mál þetta snýst um. Hann segist ásamt stefnda Péttri hafa pantað þessar vörur á vörusýningu í Bella Center í Kaupmannahöfn í mars 1978.

Þeir hafi skoðað þar vörurnar í sýningarbás og útfyllt óundirritaða pöntun og fengið sýnishorn . . . Hann segist hafa selt vörurnar verzlunum hérlendis eftir sýnishornum og í samræmi við pöntunina, áður en varan barst til landsins. Hann segist hafa leyst út fyrstu sendingarnar og þær hafi reynst rangt afgreiddar í stærðum og litum. Hann minnst þess ekki að hafa kvartað þá. Síðan hafi þeir ákveðið að bíða þar til allar sendingarnar væru

komnar, þar sem þær sendingar, sem þegar voru komnar, voru ekki í samræmi við pantanir. Hann segist hafa skoðað vörurnar á tollpóststofunni, líklega í byrjun júlí, þ. e. viku til 10 dögum eftir að síðasta sending barst, þegar hann taldi að allar vörurnar væru komnar. Hann segist hafa skoðað allar þessar vörur í einu lagi. Skoðunin hafi farið fram í tollvarðarherbergi á tollpóststofunni. Viðstaddir auk sín hafi verið 3-4 tollverðir eða starfsmenn tollpóststofunnar.

Hann segist hafa skrifað niður stærðir og liti þeirrar vöru sem hann skoðaði og strax séð að rangt var afgreitt í litum og stærðum og ekki í samræmi við pöntun. Hann segist síðan hafa farið á skrifstofu stefndu og borið þessa talningu saman við pöntunina og sá samanburður hafi staðfest að rangt var afgreitt. Hann segir að þeir hafi síðan beðið tollpóststofuna að endursenda vöruna. Hann segir að stefndi Pétur hafi séð um að biðja um það á tollpóststofunni, að varan yrði endursend, væntanlega munnlega.

Það hafi verið strax sama dag eða næstu daga eftir að skoðun á vörunni fór fram. Stefndi segir að þetta hafi verið vor- eða sumarvara, ekki haustvara. . .

Stefnda eru sýndir vörureikningar á dskj. nr. 3. Hann segist hafa verið búinn að fá þessa vörureikninga í hendur áður en hann skoðaði vörurnar á tollpóststofunni, þessir vörureikningar hafi borist sér í pósti fáum dögum eftir dagsetningu þeirra hvers og eins. Hann segist hafa talið ástæðu til að skoða vöruna, bæði vegna þess að tilgreining á litum og stærðum á dskj. nr. 3 sé óglögg, svo og vegna þess að hann hafi ekki treyst þessu fyrirtæki, að varan væri í samræmi við tilgreiningu á vörureikningi.“

Við aðiljayfirheyrslu var m. a. eftir stefnda Pétri bókað: „Hann segir að pöntunin hafi ekki öll verið afgreidd, það hafi verið 1 eða 2 artíklar sem ekki komu. Hann segist hafa óskað eftir því munnlega við tollpóststofuna, að hún endursendi vöruna skömmu eftir að talningin fór fram. Nánar spurður segist hann ekki geta fullyrt, að það hafi verið sama dag eða daginn eftir að talningin fór fram, sem hann óskaði eftir að varan yrði endursend, það hafi alla vega verið í sama mánuðinum.“

Fram hefur verið lögð í málinu hin skriflega pöntun á umræddri vöru, dags. 16. 3. 1978, og enn fremur reikningar fyrir vörunni, sem stefndi Ágúst segir, eins og fyrr greinir, að hafi borist sér fáum dögum eftir dagsetningu þeirra hvers og eins.

Lögmaður stefndu hefur lagt fram svofelldan samanburð, sem ekki er mótmælt, á pantaðri vöru samkvæmt framlögðum pöntunarlistum og sendri vöru samkvæmt framlögðum vörureikningum:

„ 1. Vara merkt model 7777 (skjorter)

<i>Pantað</i>	36	38	40	42	<i>Reikningur</i>
natur	5	10	10	5	5 5 10 5
camel	5	10	10	5	5 10 10 5

2. Vara merkt 6100

Virðist ekki hafa komið.

3. Vara merkt 0013 á reikningnum (skjorter)

Ekki pöntuð.

4. Vara merkt 0037 (caps)

Pöntun og reikningar samsvarandi.

5. Vara merkt 0034 (skjorter - damebluser)

<i>Pantað</i>	S	M	L	<i>Reikningur</i>	S	M	L
Hvít	10	10	5				
Camel	10	10	5	54	13	5	
Brunt	10	10	5	(litasamsetning ótilgreind)			

6. Vara merkt 0036 (skjorter - damebluser)

<i>Pantað</i>				<i>Reikningur</i>
Hvít	20	20	10	20 20 10
Camel	20	20	10	26 15 7
Brunt	20	20	10	15 28 (litasamsetning óljós að hluta).

7. Vara merkt 0030 (damebluser)

<i>Pantað</i>				<i>Reikningur</i>
Camel	10	10	5	20 25 15
Hvít	10	10	5	10 15 10 (ATH)

Umbj. m. telur sig muna það rétt að hvít hafi ekki komið í þessari vöru heldur hafi rautt eða rústrautt komið í staðinn.

8. Vara merkt 0035 (damebluser)

<i>Pantað</i>				<i>Reikningur</i>
Hvít (ATH)	40	40	20	69 _{x)}
Camel	40	40	20	40 40 20
Brunt	40	40	20	40 32 20 _{x)} Litasamsetn. óljós.

9. Pöntun skv. dskj. nr. 25, virðist ekki hafa komið.

10. Pöntun á dskj. nr. 26 var leyst út af umbj.m. í apríl.

Umbj. mínir leggja áherslu á það, að vörur skv. dskj. nr. 3 hafi bæði verið ranglega afgreiddar og komið allt of seint til Íslands miðað við það sem gert var ráð fyrir á þöntunarseðlum.

Ennfremur bera reikningar það með sér, að sömu vöru var í nokkrum tilfellum skipt niður á margar sendingar, t.d. var vara merkt model 0035 skipt niður á 5 sendingar.“

IV.

Því er ekki haldið fram, að stefndu hafi borið fram neins konar kvörtun fyrr en í október 1978, en þá hafði Young-Line falið lögmanni (dönskum) innheimtu kröfunnar og hann sent innheimtubréf, dags. 22. 9. 1978, og síðan framsent Guðjóni Steingrímssyni hrl. kröfuna til innheimtu, en fyrsta innheimtubréf hans er dagsett 19. 10. 1978.

Samkvæmt gögnum málsins bárust umræddar vörur Tollpóststofunni í Reykjavík á tímabilinu 28. apríl til 28. júní 1978, en voru endursendar þaðan hinn 5. október sama ár. Í greinargerð lögmanns stefndu er sagt, að stefndu, sem hafi verið í góðri trú um, að varan hefði verið endursend í júlí, hafi, er þeir fengu innheimtubrésið frá 22. 9. 1978, brugðið við og krafist þess við stjórnendur tollpóstofu, að varan yrði þegar endursend.

Engin skýring hefur verið gefin á því, hvers vegna endursending dróst svo lengi, þ. e. frá júlí til október, þrátt fyrir ákvæði 2. töluliðs 25. gr. alþjóðlega pósthögglasamningsins frá 5. júlí 1974, sem undirritaður var af Íslands hálfu hinn 5. júlí 1974 og gildi tók hérlendis hinn 1. janúar 1976, sbr. auglýsingu nr. 21/1975, en umrætt ákvæði hljóðar svo:

„Sérhver böggull, sem tilkynntur hefur verið viðtakanda, skal geymdur honum til ráðstöfunar í hálfan mánuð, eða allra lengst í einn mánuð, að telja frá deginum eftir að tilkynningin var send. Frest þennan má sem undantekningu lengja fram yfir fyrrgreindan tíma, ef innanlandsákvæði pósthjónar ákvörðunarlandsins leyfa.“

V.

Sem fyrr er greint, hafa stefndu mótmælt fjárhæð dómkrafna tölulega. Varan hafi ekki verið seld hæstbjóðanda á uppboði og ekki liggi fyrir mat dómkvaddra manna um verðmæti hennar, er hún var seld.

Stefnandi hefur með vísan til 34. gr. kaupalaga nr. 39/1922 haldið því fram, að sér hafi verið heimilt að selja vöruna fyrir reikning kaupanda. Hefur hann lagt fram skrifleg tilboð tveggja danskra fatnaðarverslana, sem bæði eru dagsett 25. júní 1979, en því hærra var tekið. Einnig hefur lögmaður stefnanda lagt fram bréf sitt til stefndu, dags. 18. apríl 1979, þ. e. áður en varan var seld, þar sem m. a. segir: „Er yður gefinn kostur á að semja við mig um greiðslu skuldarinnar eða greiðslu bóta vegna rift-

unar kaupanna, enda verði samið fyrir 1. maí n.k.“ Hefur því verið haldið fram af hálfu stefnanda, að honum hafi verið riftun heimil samkvæmt 28. gr. kaupalaga og að krefjast skaðabóta samkvæmt 30. gr. sömu laga.

Minnir stefnandi á, að ákvæði dönsku laganna nr. 102/1906 om køb eru að því leyti, sem á reynir í máli þessu, efnislega á sömu leið og hinna íslensku og númer lagagreina hin sömu, og eiga því tilvitnanir í kaupalög í máli þessu jafnt við um lög beggja landanna.

Mótmæli stefndu gegn fjárhæð kröfunnar eru einnig byggð á aðildarskorti. Stefnandi Eksporkreditráðet hafi aðeins leyst til sín hluta hennar, þ. e. danskar kr. 29.595.67, en það kemur fram í skjölum málsins, að Eksporkreditráðet ábyrgðist 90% af útflutningi Young-Line til Tabu s/f eftir 22. apríl 1978 og greiddi samkvæmt þeirri ábyrgð gegn samsvarandi kröfu-framsali sem hér segir, eftir því sem fram kemur í bréfi frá Eksporkreditráðet til lögmanns síns, dags. 15. júní 1981:

„Samlet tab	46.048.00 kr.
Heraf omfattet af garantien lev. 24/4 - 20/6 1978	38.503.00 kr.
÷ indgået ved salg til anden side fordelt forholdsmæssigt mellem garanterede og ugaranterede beløb $6.720.00 \times 38.503.00$	
46.048.00 kr.-	5.618.92 kr.
	32.884.08 kr.

90% heraf udgør 29.595.67 kr.“

Til svars við ofangreindri mótbáru stefndu hefur lögmaður stefnanda lagt fram svohljóðandi bréf frá skiptastjóra í þrotabúi Young-Line Fashions Aps, dagsett 2. júlí 1981, þar sem þrotabúið veitir stefnanda ráðstöfunarheimild á allri kröfunni:

„I forsættelse af tidligere behagelig telefonsamtale kan jeg til Deres orientering oplyse, at jeg hermed på vegne kurator i konkursboet Young Line Fashion Aps Vejle giver Eksporkreditráðet, Gl. Kongevej 60, København, fuldmagt til i enhver henseende, at disponere over tilgodehavende st. opr. kr. 46.048.00 hos Tabu, Island.“

VI.

Álit réttarins.

Eftir því sem fram er komið í máli þessu, skorti verulega á að umrædd vara væri afgreidd í samræmi við pantanir. Varan var því gölluð.

Í 52. grein kaupalaga nr. 39/1922 er þá reglu að finna, að komi það í ljós, að söluhlut er ábótavant og kaupandi vill bera það fyrir sig, þá skal hann skýra seljanda frá því þegar í stað, ef um verslunarkaup er að tefla. Ef kaupandi hefur orðið þess var, að hlutnum var áfátt, eða hann hefði átt að verða þess var, og hann skýrir seljanda eigi frá því, þá getur hann eigi síðar borið það fyrir sig.

Einnig er í sömu lagagrein svo fyrir mælt, að ef kaupandi vill rifta kaupum, skal hann skýra seljanda frá því án ástæðulauss dráttar, ella missir hann rétt sinn til að hafna hlutnum.

Umræddir vörureikningar eru dagsettir 17. 4., 24. 4., 30. 4., 8. 5., 9. 5., 16. 5. og 20. 6. 1978. Stefndi fékk þá hvern um sig í hendur fáum dögum eftir dagsetningu. Með því að bera þá saman við pantanir gat stefndi gengið úr skugga um, eða a.m.k. fengið ákveðna vísbendingu um, að afhendingu vörunnar var áfátt.

Í byrjun júlí rannsakaði stefndi vörunnar. Þrátt fyrir þetta bar hann enga kvörtun fram fyrir en komið var fram í október, eða meira en 5 mánuðum eftir að honum bárust fyrstu vörureikningarnir og um 3 mánuðum eftir að hann skoðaði vöruna.

Af framansögðu leiðir, að hafna ber sýknukröfu stefndu, með vísan til 52. gr. laga nr. 39/1922.

Það athugast, að beiðni stefndu um endursendingu verður eigi jafnað til tilkynningar þeirrar, er um ræðir í 61. gr. kaupalaga, sbr. 39. gr. samningalaga nr. 7/1936.

Á það verður að fallast með stefnanda, að honum hafi verið rétt með vísan til 34. greinar kaupalaga að selja vöruna fyrir reikning kaupanda, enda telst lögmaður stefnanda, m. a. með áður tilvitnuðu bréfi frá 18. apríl 1979, hafa gert stefndu nægilega grein fyrir því, að þeir mættu eiga von á, að svo yrði gert. Með tilliti til þess, að aðiljar eru algerlega sammála um, að þar sem hér var um tiskuvöru að tefla, þá hafi varan verið orðin mjög lítils virði, er hún var seld, þykja stefndu ekki geta vefengt, að varan hafi verið seld fyrir eðlilegt verð, enda má ætla, að frekari söluutilraunir hefðu leitt til aukins kostnaðar.

Með skírskotun til tilvitnaðs bréfs þrotabús Young-Line Fashions Aps, frá 2. júlí 1981, ber að fallast á aðild stefnanda, einnig að þeim hluta kröfunnar, sem er umfram danskar kr. 29.595.67.

Vextir verða tildæmdir í samræmi við auglýsingar Seðlabanka Íslands um vexti af kröfum í erlendum gjaldeyri, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961 og lög nr. 58/1960, þ. e. jafnir vöxtum af innlendum gjaldeyrisreikningum að viðbættum 6%. Samkvæmt því verða hér tildæmdir 11% ársvextir frá 1. júlí 1978 til 1. júní 1979, en 13% ársvextir frá þeim degi til 13. febrúar 1981,

en 15% ársvextir frá þeim degi til 1. júní 1981, en 16% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður ákvarðast íslenskar krónur 8.200.00.

Már Pétursson héraðsdómari kvað upp dóm þennan ásamt sjó- og verslunardómsmönnum Ragnari Péturssyni verslunarstjóra og Pétri Sigurðssyni kaupmanni.

Uppkvaðning dómsins hefur dregist vegna embættisanna og frátafa dómsformanns.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Tabu s/f, Ágúst Finnsson, Pétur Guðmundsson og Gísli Maack, greiði in solidum stefnanda, Guðjóni Steingrímssyni hrl. f. h. Eksportkreditrádet, danskar krónur 39.328.00 með 11% ársvöxtum frá 1. júlí 1978 til 1. júní 1979, en 13% ársvöxtum frá þeim degi til 13. febrúar 1981, en 15% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, en með 16% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og íslenskar krónur 8.200.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 17. janúar 1984.

Nr. 239/1981. **Ragnar Tómasson**

(enginn)

gegn

Gjaldheimtunni í Reykjavík

(Guðmundur Vignir Jósefsson hrl.).

Útivistardómur. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. október 1981, að fengnu áfrýjunarleyfi 7. s. m. Er mál það skyldi þingfest 2. nóvember 1981, kom enginn fyrir dóm af hálfu áfrýjanda, og var kveðinn upp útivistardómur. Áfrýjandi fékk enn útgefna stefnu 20. nóvember 1981, og var það mál þingfest 2. desember